

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Lederspan 20 mg/ml stungulyf, dreifa

tríamcínólónhexasetóníð

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Lederspan og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Lederspan
3. Hvernig nota á Lederspan
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Lederspan
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Lederspan og við hverju það er notað

Lederspan er tilbúið nýrnaheftubarkarhormón sem notað er við kvillum og sjúkdómum þar sem nýrnaheftubarkarhormón getur komið að gagni.

Ekki má gefa ungbörnum eða börnum allt að 3 ára aldri Lederspan.

Lederspan hefur forðaverkun, þ.e. langvarandi verkun. Verkunin kemur fram innan u.þ.b. 24 klukkustunda og endist yfirleitt í 4-6 vikur.

Læknir eða hjúkrunarfræðingur sprautar lyfinu í þig.

Læknirinn gæti einnig gefið þér Lederspan við einhverju öðru. Spyrðu lækninn.

2. Áður en byrjað er að nota Lederspan

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Lederspan

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir tríamcínólónhexasetóníði eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef um er að ræða útbreidda sveppasýkingu, að undanskildum staðbundnum sveppasýkingum, svo sem í húð eða munnholi.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Læknirinn og hjúkrunarfræðingurinn munu gæta sérstakrar varúðar við meðferð þína með Lederspan ef þú:

- ert með sykursýki, þar sem hugsanlega gæti þurft að breyta skömmtum af insúlíni eða öðrum lyfjum við sykursýki
- ert með hæg efnaskipti
- ert með skorpulífur

- ert með veirusýkingu í auga (herpes simplex)
- ert með magasár, alvarlegan sjúkdóm í meltingarvegi með tilhneingingu til blæðinga eða bólgu í ristli
- ert með graftarkýli eða aðra bólgu, bólgu í sekkjum í meltingarvegi, með hættu á rofi
- hefur nýlega gengist undir aðgerð á meltingarvegi
- ert með eða hefur verið með berkla
- ert með æðabólgu
- hefur fengið blóðtappa
- hefur fengið krampa
- ert með aukna starfsemi nýrnahettubarkar (Cushings-heilkenni)
- ert með krabbamein með meinvörpum
- ert með skerta nýrnastarfsemi eða nýrnabólgu
- ert með og háan blóðþrýsting
- ert með hjartabilun
- ert með beinþynningu
- ert með óeðlilega þreytu í vöðvum (vöðvaslensfár)
- ert með geðræna kvilla, t.d. miklar skapsveiflur eða tilhneingingu til geðrofs, þar sem meðferð með Lederspan getur valdið því að þetta versni
- ert með gláku
- ert með þráðormasýkingu
- ert með tilhneingingu til að fá marbletti, rauða bletti á húð eða blæðingar vegna of lítils fjölda blóðflagna.

Tíðablæðingar geta raskast og hjá konum eftir tíðahvörf hefur sést blæðing frá leggöngum. Framkvæma á viðeigandi rannsóknir.

Segðu læknum frá því ef þú finnur fyrir óskýrri sjón eða öðrum sjóntruflunum.

Mundu að segja læknum eða hjúkrunarfræðingi frá því ef eitthvað af ofantöldu á við um þig.

Íþróttamenn þurfa að hafa í huga að Lederspan getur valdið jákvæðum niðurstöðum á lyfjaprófi.

Hafðu tafarlaust samband við lækni eða hjúkrunarfræðing ef þú:

- færð hita eða finnur fyrir lasleika, þar sem það geta verið merki um bólgu
- færð verk og þrútnar á stungustað eftir sprautu, þar sem það geta verið merki um bólgu
- átt enn erfiðara með að hreyfa liðina, þar sem það getur verið merki um bólgu.

Vertu á varðbergi gagnvart eftirfarandi:

- Hafðu samband við læknum ef vart verður við sjónvandamál (einkum hjá börnum).
- Við langvarandi notkun getur komið fram drer á auga (einkum hjá börnum) og gláka (hækkaður augnþrýstingur) með hættu á skemmdum á sjón auk hættu á augnsýkingum af völdum sveppa eða veira. Læknirinn mun þess vegna fylgjast með sjón þinni ef þú færð langtímameðferð.
- Segðu alltaf frá því að þú fái meðferð með Lederspan ef þú þarft að fá bólusetningu.
- Þú skalt forðast að smitast af hlaupabólu eða mislingum meðan á meðferð stendur. Þetta er einkum mikilvægt ef þú færð stóra skammta. Ef þú hefur samt sem áður samneyti við smitaða einstaklinga skaltu hafa samband við læknum. Þetta er einkum mikilvægt við meðferð hjá börnum.
- Lederspan getur dregið úr þroska og vexti nýbura og barna við langvarandi notkun. Ræðið við læknum um eftirlit.
- Langvarandi meðferð með Lederspan getur skert frjósemi hjá körlum.
- Lederspan getur dulið merki um bólgu og valdið því að bólga versni.
- Læknirinn gæti ráðlagt saltsnautt og kalíumauðugt mataræði.
- Lederspan getur valdið skertri svörun í húðprófum (ofnæmisprófum), svo þú skalt alltaf segja læknum frá því að þú fái meðferð með Lederspan.

Meðferð með Lederspan getur haft neikvæð áhrif á efnaskipti kalsíums í beinum. Þess vegna þarft þú að ganga úr skugga um það með læknum hvort þú sért í hættu á beinþynningu (tapi á beinvef og

beinbrotum), einkum ef ættingjar þínir hafa áður brotið bein, ef þú hreyfir þig ekki reglulega, ef þú ert kona á breytingaskeiði eða hefur farið gegnum tíðahvörf eða ef þú ert aldraður/öldruð.

Mikilvægt er að segja læknum frá því ef þú ert með eða hefur verið með lyfjaofnæmi.

Láttu alltaf vita að þú sért í meðferð með Lederspan ef þú þarft að gangast undir aðgerð, hefur lent í slysi eða færð alvarlega sýkingu. Þetta á við í allt að eitt ár eftir að meðferðinni lýkur.

Ef þú þarft að fá meðferð með Lederspan í langan tíma þarft þú að bera á þér kort sem tilgreinir hvenær meðferðin hófst, hve stóra skammta þú færð og nafnið á þeim lækni eða sjúkrastofnun sem stýrir meðferðinni.

Þetta kort á að tryggja að þú fái rétta meðferð ef þú þarft að leggjast inn á sjúkrahús og ert ekki fær um að upplýsa að þú fái Lederspan.

Segðu alltaf frá því við töku blóðsýna eða þvagsýna og ef húðpróf eru framkvæmd að þú fái meðferð með Lederspan.

Eftir að lyfinu er sprautað í lið skalt þú forðast að liðurinn verði fyrir of miklu álagi.

Notkun annarra lyfja samhliða Lederspan

Látið lækinn vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð. Þetta á einnig við um lyf sem fengin eru án lyfseðils, t.d. náttúrulyf, vítamín og steinefni.

Lederspan getur haft áhrif á verkun annarra lyfja og önnur lyf geta haft áhrif á verkun Lederspan.

Segðu læknum frá því ef þú færð meðferð með:

- lyfjum til að bæla ónæmiskerfið eftir líffæraígræðslu (cíklósporín)
- lyfjum við flogaveiki og krömpum (fenóbarbital, fenýtóín og karbamazepín)
- lyfjum við berklum (rifampisín og ísóníasíð)
- lyfjum við sveppasýkingum (amfóterisín B og ketóónazól)
- sykursýkilyfjum
- bólgueyðandi gígtarlyfjum (asetýlsalisýlsýra, NSAID-lyf)
- þvagræsilyfjum sem ekki varðveita kalíum
- blóðþynningarlyfjum (warfarín og fenprókúmon)
- estrógen-lyfjum, t.d. hormónagetnaðarvörnum eða hormónum til að fyrirbyggja óþægindi á breytingaskeiði
- hjartalýfjum (digoxín)
- vaxtarhormóni (sómatrópín)
- lyfjum við Alzheimers-sjúkdómi (t.d. donepezíl, rivastigmín og galantamín)
- lyfjum við óeðlilegri þreytu í vöðvum (t.d. píridóstigmín, neóstigmín)
- lyfjum við of hægum eða of hröðum efnaskiptum (t.d. levótýroxín, týrótrópín-alfa)
- tilteknum tegundum vöðvaslakandi lyfja (t.d. pankúrómín), sem eru notuð í tengslum við deyfingu
- lyfjum við háum blóðþrýstingi, þ.m.t. þvagræsilyfjum
- andkólínvirkum lyfjum (t.d. atrópín).

Sum lyf geta aukið verkun Lederspan og lækinn mun fylgjast vandlega með þér ef þú tekur slík lyf (þ.m.t. sum lyf sem notuð eru við HIV, þ.m.t. ritonavír og cobicistat).

Ræddu við lækinn ef þú þarft að fá bólusetningu.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum áður en lyfið er notað.

Meðganga

Þungaðar konur fá yfirleitt ekki meðferð með Lederspan.

Lækinn mun meta þörfina á slíkri meðferð.

Brjóstagjöf

Ef meðferðin er nauðsynlegt þarf yfirleitt að hætta brjóstagjöf, þar sem Lederspan er skilið út í brjóstamjólk. Ræddu við lækinn.

Akstur og notkun véla

Lederspan hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Lederspan inniheldur bensýlalkóhól, sorbitól (E420) og pólýsorbat 80 (E433)

Bensýlalkóhól:

Lyfið inniheldur 9 mg af bensýlalkóhóli í hverjum ml af stungulyfi.

Bensýlalkóhól getur valdið ofnæmisviðbrögðum.

Bensýlalkóhól hefur verið tengt við hættu á alvarlegum aukaverkunum þ.m.t. öndunarerfiðleikum (kallast heilkenni andkafa eða „gasping syndrome“) hjá ungum börnum.

Fyrirburar og nýburar mega ekki fá bensýlalkóhól.

Ekki gefa nýbura (allt að 4 vikna gömlum) lyfið nema eftir ráðleggingar læknisins.

Notið lyfið ekki lengur en í viku handa ungum börnum (yngri en 3 ára), nema að ráði læknisins eða lyfjafræðings.

Þungaðar konur og konur sem hafa barn á brjósti eiga að leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi. Mikið magn bensýlalkóhóls getur safnast upp í líkamanum og valdið aukaverkunum (kallast blóðsýring).

Leitaðu ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi ef þú ert með lifrar- eða nýrnasjúkdóm. Mikið magn bensýlalkóhóls getur safnast upp í líkamanum og valdið aukaverkunum (kallast blóðsýring).

Sorbitól:

Lyfið inniheldur 450 mg af sorbitóli í hverjum ml af stungulyfi.

Sorbitól breytist í frúktósa. Þeir sem hafa fengið þær upplýsingar hjá lækni að þeir (eða barnið) séu með óþol fyrir ákveðnum sykrum eða hafa fengið greininguna arfgengt frúktósaóþol, sem er mjög sjaldgæfur erfðagalli þar sem einstaklingur getur ekki brotið niður frúktósa, skulu ræða við lækinn áður en lyfið er notað.

Pólýsorbat 80 (E433):

Lyfið inniheldur 4 mg af pólýsorbati í hverjum ml.

Pólýsorbat getur valdið ofnæmisviðbrögðum. Segið læknum frá því ef þú eða barnið eruð með eitthvert ofnæmi.

3. Hvernig nota á Lederspan

Skömmtun

Lederspan er yfirleitt sprautað í vef umhverfis lið, í vöðva eða beint í viðkomandi lið.

Skammtar eru einstaklingsbundnir og fara eftir eðli sjúkdómsins og staðsetningu lyfjagjafarinnar.

Þegar lyfinu er sprautað í lið fer skammtastærð eftir því um hvaða lið er að ræða.

Lederspan hefur langtímaverkun. Verkunin kemur fram eftir u.þ.b. 24 klukkustundir og endist yfirleitt í 4-6 vikur.

Yfirleitt eiga að líða 3-4 vikur milli skammta. Það fer eftir áhrifunum hve marga skammta þú þarft að fá.

Ef lyfinu er sprautað beint í lið skalt þú halda kyrru fyrir í allt að 12 klukkustundir eftir að lyfinu er sprautað inn til að forðast verki í liðnum.

Læknir eða hjúkrunarfræðingur munu gefa þér Lederspan.
Læknirinn getur sagt þér hve stóran skammt þú munt fá.

Eingöngu læknirinn getur breytt skammtastærð. Ef minnka á skammta á að gera það smátt og smátt.

Ef gefinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ræddu við lækninn eða hjúkrunarfræðing ef þú heldur að þér hafi verið gefið of mikið Lederspan.

Bráð ofskömmun Lederspan veldur engum tafarlausum einkennum.

Bráð ofskömmun getur hugsanlega valdið versnun magasárs sem þegar er til staðar.

Tíðir og endurteknir skammtar í langan tíma geta m.a. valdið tunglandliti (moon face), söfnun líkamsfitu á kvið og háls (Cushings-heilkenni) og mörgum öðrum einkennum sem talin eru upp í kaflanum um aukaverkanir.

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222)

Ef gleymist að nota Lederspan

Ræddu við lækninn eða hjúkrunarfræðing ef þú heldur að gleymst hafi að gefa þér skammt.

Ef hætt er að nota Lederspan

Ekki á að hætta meðferðinni nena að höfðu samráði við lækni. Ef þú þarft að fá minni skammta á að minnka þá smám saman. Ef meðferð er hætt skyndilega eða skammtar minnkaðir mikið geta komið fram ýmis óþægileg einkenni svo sem hiti, lið- og vöðvaverkir og almennt slæmt heilsufar, auk versunar þess kvilla sem meðferðin var veitt við.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Ræddu við lækninn eða hjúkrunarfræðing ef aukaverkanir koma fram, þ.m.t. aukaverkanir sem ekki eru taldar upp í þessum fylgiseðli.

Aukaverkanir fara eftir skammtastærð og meðferðarlengd.

Margar aukaverkanir hætta þegar meðferðinni er hætt og þær minnka yfirleitt þegar skammtar eru minnkaðir.

Alvarlegar aukaverkanir

Sjaldgæfar (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 100 sjúklingum):

- versnun alvarlegra sýkinga, t.d. berkla. Hafið samband við lækninn
- alvarlegar sýkingar dyljast. Hafið samband við lækninn
- sykursýki kemur fram eða versnar (tíð þvaglát, þorsti, þreyta). Hafið samband við lækninn
- vaxtarskerðing hjá börnum. Ræðið við lækninn
- ofnæmisviðbrögð með öndunarerfiðleikum. Hringið í 112
- tunglandlit, breytt fitudreifing með ávöllum búk og grönnum handleggjum og fótleggjum, sver háls. Hafið samband við lækninn.

Mjög sjaldgæfar (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 1.000 sjúklingum):

- of lítið kalíum í blóði (máttleysi og skertur vöðvastyrkur, hjartsláttartruflanir). Hafíð tafarlaust samband við lækninn
- gláka: höfuðverkur, ógleði, sjónskerðing og regnbogasjón vegna hækkaðs augnþrýstings. Hafíð tafarlaust samband við lækninn eða bráðamóttöku
- blinda við meðferð beint í húðskemmdir á höfði og í andliti. Hafíð tafarlaust samband við lækninn eða bráðamóttöku
- magasár með hættu á rofi og blæðingu. Hafíð samband við lækninn
- versnun magasárs sem þegar var til staðar. Hafíð samband við lækninn.

Mjög sjaldgæfar - koma örsjaldan fyrir (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 1.000-10.000 sjúklingum):

- hækkaður þrýstingur í heila með miklum höfuðverk, krömpum og meðvitundarleysi. Hringið í 112
- máttleysi og verkir í vöðvum (vöðvakvilli). Hafíð samband við lækninn
- rofnar sínar
- bólguástand í beini
- kalktap úr beinum, beinbrot, einkum samfallinn hryggur. Hafíð tafarlaust samband við lækninn eða bráðamóttöku.

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum):

- bólgulíkur sjúkdómur í bandvef í æðum. Hafíð samband við lækninn eða bráðamóttöku
- bóлга í brisi með miklum kviðverkjum og hita, magablæðingu og rofi á meltingarvegi. Hafíð samband við lækninn eða bráðamóttöku
- hjartabilun. Hafíð samband við lækninn eða bráðamóttöku. Hringið e.t.v. í 112
- blóðtappar: Æðabólga með þrota og verkjum í fótlegg. Blóðtappar í lunga með verkjum og andnauð. Hafíð samband við lækninn eða bráðamóttöku. Hringið e.t.v. í 112
- blóðtappar í heila með lömun, skyntuflunum eða talerfiðleikum. Hringið í 112
- blóðtappar í hjarta með brjóstverk sem e.t.v. leiðir út í háls eða handleggi, andnauð, yfirlið. Hringið í 112
- krampar. Hafíð samband við lækninn eða bráðamóttöku
- alvarlegt þunglyndi, geðsjúkdómur (geðrof), versnun geðrænna kvilla sem þegar eru til staðar. Hafíð tafarlaust samband við lækninn
- rof á hornhimnu. Miklir verkir í auga. Hafíð tafarlaust samband við lækninn eða bráðamóttöku
- niðurbrot í stórum liðum, einkum í fótum
- alvarlegur augnsjúkdómur í nethimnu.

Aukaverkanir sem ekki eru alvarlegar

Algengar – mjög algengar (geta komið fram hjá fleiri en 1 af hverjum 100 sjúklingum):

- raskanir á tíðablæðingum
- þroti, verkur og hitatilfinning í þeim lið sem var verið að meðhöndla
- æsingur, svefnleysi.

Sjaldgæfar (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 100 sjúklingum):

- aukin tilhneiging til sýkinga, t.d. herpes og sveppasýkinga
- skert starfsemi nýrnahettubarkar með skertum viðbrögðum við stórum áverkum, sýkingum og skurðaðgerðum
- sýkingar vegna bælingar ónæmiskerfisins
- andlitsroði
- ofnæmisviðbrögð
- óstöðugir liðir
- breytingar í húð og vefjum umhverfis stungustaðinn.

Mjög sjaldgæfar - koma örsjaldan fyrir (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 1.000-10.000 sjúklingum):

- Útbrot, ofsakláði og þroti. Getur verið alvarlegt. Ræðið við lækninn. Ef þroti er í andliti, vörum eða tungu getur það verið lífshættulegt. Hringið í 112
- höfuðverkur
- litarbreytingar á húð, þunn og viðkvæm húð, snertiexem

- skert svörun í húðprófi
- máttleysi í vöðvum, tap vöðvamassa
- of háar blóðþrýstingur. Ræðið við lækinn. Meðhöndla þarf of háan blóðþrýsting. Mjög hækkadur blóðþrýstingur er alvarlegur
- meltingartruflanir
- aukin tilhneiging til að svitna
- breytt fitudreifing
- minnkaður útskilnaður salta og vökvassöfnun í líkamanum
- geðrænir kvillar og virkjun fyrri geðrænna raskana. Getur verið alvarlegt. Ræðið við lækinn
- sundl.

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum):

- Útstæð augu
- yfirlið. Ræðið við lækinn ef hjartsláttartíðni og öndun eru eðlileg og yfirliðið stendur stutt. Í öllum öðrum tilvikum á að hringja í 112
- óreglulegur hjartsláttur. Getur verið eða orðið alvarlegt. Ræðið við lækinn
- þreyta
- bólga eða erting í vélinda
- tímabundin erting á stungustað
- skapsveiflur, persónuleikabreytingar
- bólga í taugum með verkjum og snertiskynstruflun
- tilhneiging til sykursýki með of háum blóðsykurgildum eftir máltíðir
- sykur í þvagi
- stingir, náladofi eða dofi í húð
- þaninn kviður
- fjólubláar rákir á brjósti og kvið, marblettir og sjálfsprottnar blæðingar í húð og slímhúð, þunn og þurr húð, þrymlabólur og skeggvöxtur
- seinkaður gróandi beinbrota
- tíðateppa
- blæðing frá leggöngum hjá konum eftir breytingaskeið
- þokusjón
- kölkun í vefjum
- skertur gróandi á stungustað.

Auk þess getur Lederspan valdið aukaverkunum sem þú tekur yfirleitt ekki eftir. Þar er um að ræða breytingar á niðurstöðum rannsókna, t.d. vægt hækkun lifrargildi sem verða eðlileg á ný þegar meðferðinni er hætt.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is.

Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Lederspan

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Engin sérstök fyrirbætur eru um geymsluáðstæður lyfsins.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkingar og aðrar upplýsingar

Lederspan, 20 mg/ml, stungulyf, dreifa, inniheldur

- Virka innihaldsefnið er: tríamcínólónhexasetóníð
- Önnur innihaldsefni: Sorbitóllaun 70% (E420), pólýsorbat 80 (E433), bensýlalkóhól og vatn fyrir stungulyf.

Lýsing á útliti Lederspan og pakkingastærðir

20 mg/ml; hettuglas 1 ml.

Hettuglas með hvítleitri lausn.

Markaðsleyfishafi

Viartis ApS

Borupvang 1

2750 Ballerup

Danmörk

Framleiðandi

Fisiopharma S.R.L.

Nucleo industriale

Palomonte (SA)

84020

Ítalíu

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í febrúar 2025.

Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar heilbrigðisstarfsmönnum:

Viðhafa skal smitgát við undirbúning og gjöf lyfsins. Hrista á lyfið (dreifuna) varlega fyrir notkun. Viðhafa á sams konar smitgát og við mænuástungu. Hrista á glasið varlega fyrir notkun til að tryggja að dreifan sé einsleit. Ekki á að gefa lyfið í fleiri en tvo liði í hvert skipti.

Blanda má Lederspan við staðdeyfilyf ef þörf krefur. Forðast á lausnir sem innihalda metýlparaben, própýlparaben, fenól o.s.frv., þar sem þær geta valdið því að steralyfið safnist upp. Draga á Lederspan upp í sprautuna á undan staðdeyfilyfinu til að forðast mengun Lederspan. Hrista á sprautuna varlega og gefa síðan blönduna tafarlaust.

ATH! Ekki má gefa Lederspan í bláæð, undir húð eða í mænuvökva.

Skammtar eru einstaklingsbundnir og fara eftir eðli sjúkdómsins.

Inndæling í lið

Venjulegur skammtur er 2-20 mg (0,1-1 ml), eftir stærð liða og rúmmáli liðvökva. Í stóra liði (mjöðm, hné og öxl) þarf yfirleitt að gefa 10-20 mg (0,5-1 ml), í meðalstóra liði (t.d. olnboga eða úlnlið) þarf yfirleitt að gefa 5-10 mg (0,25-0,5 ml) og 2-6 mg (0,1-0,3 ml) í litla liði. Þegar mikill liðvökvi er til staðar gæti verið æskilegt að tæma liðinn fyrir lyfjagjöf. Næsti skammtur og fjöldi skammta fer eftir svörum við meðferðinni. Vegna seinkaðrar verkunar er ekki ráðlagt að gefa lyfið í sama lið oftar en með 3-4 vikna millibili. Forðast á að gefa lyfið oftar en einu sinni á sama stað, þar sem það getur valdið rýrnum (atrophy).

Inndæling í kringum lið

Venjulegur skammtur er 10-20 mg (0,5-1 ml) við belgbólgu (bursitis), sinabólgu, sinaslíðursbólgu og gnípubólgu (epicondylitis).

Stjórn meðferðar

Hægt er að koma í veg fyrir verki í lið sem sprautað hefur verið í eða draga úr þeim með því að hvetja sjúklinginn til að halda kyrru fyrir í allt að 12 klukkustundir eftir gjöf lyfsins.

Lederspan hefur langvarandi verkun. Verkunin kemur fram innan u.þ.b. 24 klukkustunda og endist yfirleitt í 4-6vikur.